

Sturla Friðriksson

**Magnús Ketilsson sýslumaður
frumkvöðull bættrar nýtingar landsgæða
á átjándu öld**

Hér verður í stuttu máli fjallað um þátt Magnúsar Ketilssonar sýslumanns í að vekja áhuga Íslendinga á ýmsu því, er til bóta mátti verða í nýtingu lands á seinni hluta átjándu aldar. Rétt er að telja Magnús Ketilsson frumkvöðul að mörgum umbótamálum, sem lúta að jarðrækt og hagfelldri nýtingu lands, í svipuðum anda þess, sem nú á tímum væri nefndur vistvænn búskapur og sjálfbær þróun.

1. Maður og ætterni

Magnús fæddist í Húsavík, Þingeyjarsýslu, 29. janúar 1732, sonur Ketils prests þar á staðnum og Guðrúnar Magnúsdóttur prests, en hún var systir Skúla fógeta (f. 1711) og Sigríðar móður Geirs biskups Vídalíns (f. 1761). Magnús var snemma settur til mennta. Var hann tekinn í Hólaskóla 1745 og útskrifaðist þaðan sem stúdent 1749. Hann fór síðan utan 1751 til náms í Kaupmannahafnarháskóla. Tók hann heimspekiþróf þaðan 1752 og stundaði að því loknu nám í lögfræði. Var honum síðan veitt sýslumannsembættið í Dalasýslu 1754, sem hann hélt til dauðadags.

Magnús var fyrsta árið eftir heimkomuna í Hrappsey, en hélt síðan að Arnarbæli. Þaðan fór hann að Melum, og bjó þar á árunum 1758 til 1762. Fluttist hann síðan að Búðardal, þar sem hann bjó til æviloka.

Magnús var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Ragnhildur Eggertsdóttir frá Skarði á Skarðsströnd. Áttu þau saman ellefu börn og komust tíu þeirra á legg. Seinni kona hans var Elín Brynjólfsdóttir í Fagradal, en þeim varð ekki barna auðið. Frá þeim Magnúsi og Ragnhildi er kominn mikill ættbogi, en í dag skipta afkomendur þeirra þúsundum.

2. Samband við framámenn

Magnúsi átti góða foreldra, sem veittu honum farsælt uppeldi og héldu honum að bóknámi. Honum var síðan komið í framhaldsnám og þar kynntist hann væntanlega þeirri umbótastefnu, sem var að ryðja sér til rúms um norðanverða Evrópu. Þegar fjallað er um störf Magnúsar

Ketilssonar og afköst hans, ber að hafa í huga, að hann er systursonur Skúla fógeta, sem þá er helsti umbótasinni landsins. Skúli var sýslumaður í Skagafirði og ráðsmaður Hólaskóla, þegar Magnús var þar við nám, og sá Skúli svo um, að Magnúsi var veitt ölmusa á námsárunum þar. Á sumrin var Magnús við störf heima á búi Skúla á Ökrum í Skagafirði. Þegar Magnús fór til Kaupmannahafnar til frekara náms, var hann samferða Skúla móðurbróður sínum með skipi frá Eyrarbakka. Er talið sennilegt að Skúli hafi greitt ferðakostnaðinn, og mikill styrkur hefur Magnúsi verið að frænda sínum, þegar til Danmerkur kom. Talið er að Skúli hafi einnig átt mikinn þátt í því að Magnús var gerður að sýslumanni aðeins 22 ára, þótt ekki hefði hann þá lokið laganámi. Skúli var mjög áhugasamur um garðrækt. Hefur hann vafalítið hvatt systurson sinn í þeim efnum. Var Magnús þá í miklu sambandi við Viðeyjarfólkið og fylgdist með ræktunartilraunum þess.

Auk þess varð Magnús fyrir áhrifum af umbótaanda Eggerts Ólafssonar, sem fór um sveitir á árunum 1752-57 og hvatti bændur mjög til grænmetisræktunar, en Magnús vitnar oft í ræktunarleiðbeiningar Eggerts.

3. Ástand lands

Á æviárum Magnúsar Ketilssonar steðjuðu ýmsir erfileikar að íslensku þjóðinni. Mikill fellir var á fé á árunum 1756 og 1757, og varð þá einnig hungursneyð hjá fólki. Á árunum 1760-1770 gekk fjárkláðinn yfir vesturbyggðir og má heita að þá eyddust þessar sveitir af fé. Þá komu Móðuharðindin upp úr 1783, og fór þá fólk á sunnanverðu landinu unnvörpum á vergang. Einnig herjaði bólusótt 1784-86.

Ofan á þetta allt var veðráttu með afbrigðum slæm og hafískoma með meira móti á þessu tímabili, einkum um miðja átjándu öldina. Varð þess vegna afrakstur af tünnum og útjörðum með minna móti og óvenju örðug skilyrði fyrir alla ræktun grænmetis.

Vegna fódurskorts og lækkandi meðalhita þessa tímabils gengu landsmenn í auknum mæli á gróðurforða jarðanna. Hris var rífið upp og gefið sem fóður, eða notað til kolagerðar og eldiviðar. Eyddust þá birkiskógar með mesta móti, hvar sem leifar þeirra var enn að finna. Í kjölfar þess jókst upplástur lands til muna, svo sjaldan hefur landeyðing verið meiri. Var Magnús enginn eftirbátur annarra í að láta rífa hris og höggva skóg.

4. Flutningsgeta lands

Búfjárrækt var aðalatvinnuvegur þjóðarinnar. Var eðlilegt að mjög væri hugað að því, hvernig hagkvæmast væri að hafa nægilegt viðurværi fyrir búsmalann í þessu slæma árferði, sem ríkti á þessu tímasteiði. Magnús

sýslumaður lét sig þetta mál mjög varða. Hann gaf út ritið *Stutt ágríp um ítölu búfjár í haga*, þar sem hann í upphafi vitnar í *Grágás* og ýmsar fornar lagasetningar um ásetning búfjár í landsvæði. Hann skrifar: „nær land sé skipað til fulls, sem lögbók segir að vera eigi. Nefnilega þá peningur er svo settur í landið, að hann nokkurnveginn uppvinnur grasið, svo að ei vex í því sína”¹ (23-24). Hann hvetur mjög til þess, að landið sé fullnýtt, en honum er ljóst að uppskera lands er takmörkuð.

5. Takmörk fólksfjölda

Magnús gerir sér fulla grein fyrir því að landkostir hafa farið þverrandi frá upphafi búsetu. Hann gefur út *Búalög* á sinn kostnað, til að koma upplýsingum á framfæri til almennings um gildi búvöru og allra helstu nauðpurfta „til líkamans uppeldis”. Í formála tekur Magnús fram, að viðurværi fólks sé það sem mestu máli skiptir. Hann ritar: „sú þjóð er miklu ríkari og mektugri til að forsvara sig, sem hefur gnægð af matvælum og öðrum til líkamans uppeldis eiginlega nauðsynlegum hlutum, þó hún hafi litla, og kannski öngva peninga; heldur en sú, sem hefur gnótt af gulli og silfri, en sveltur að mat” (a3). Matur er samt takmarkaður, og Magnús reynir að halda landshornaflökkurum frá byggðarlaginu.

6. Bættir bjargræðisvegir

Magnús Ketilsson má teljast brautryðjandi á ýmsum sviðum í viðleitni til að bæta bjargræðisvegi þjóðarinnar. Hann mun vera fyrstur til að brydda upp á því að unnt sé að auka laxgengd í ám með því að koma upp klaki í þeim. Einnig er hann frumkvöðull í ýmsum greinum er lúta að bættum nytjum búfjár. Einna fyrstur landsmanna kemur hann sér upp vatnsmyllu til þreskingar á korni. Hér skal hins vegar víkja nokkrum orðum að áhuga Magnúsar á að auka og nýta betur gróður jarðar.

a. Betri nýting innlendra auðæfa

Hrossabeit: Magnús sýslumaður gaf út 40 blaðsíðna bækling, sem heitir *Hestabit er hagabót*. Er hann prentaður í Hrappsey 1776. Þar skrifar hann um álit annarra á hrossabeit: „Síðan hestarnir fjölguðu aftur eftir harðindin, er það nú almennileg umkvörtun hér vestanlands að þeir séu orðnir ofmargir; að þeir séu búmanninum til mikils skaða; að þeir biti upp sumarhagana frá málnytupeningnum, og að þeir éti hvör annan í hel á vetrinum” (3). Annan þéssa gaf Magnús út, sem heitir *Stutt ágríp um ítölu búfjár í haga*. Er hann 44 blaðsíður, gefinn út í Hrappsey. Þar

¹ Tilvitnanir í rit Magnúsar Ketilssonar eru með nútímastafsetningu.

kveður við annan tón: „Það er stök innbirling og hjátrú fólks, að hvör maður heldur nærri því að hestar spilli haganum: þar þó einginn hlutur meira batar hagnan en hestarnir, sérdeilis á vetrardag” (25). Nefnir Magnús síðan sérstök hrossbitin landsvæði, sem eru mjög grösug og góð til heyskapar. Til dæmis bendir hann á láglendi Skagafjarðar, sem sé mjög grösugt samfara mikilli hrossagöngu í héraðinu: „Þar er þó heyskapur hinn allra besti; sumar og vetrarheit hin allra besta: hvað vilja menn nú hér til segja?” (43).

Eyðing sinu og mosa: Magnús gerir síðan grein fyrir því, að bati af beitinni felist að mestu í því að mosinn eyðist við traðk og nag, en einkum því, að sinan sé fjarlægð ofan af grassverðinum. Sinan spilli, því hún kæfi grasið og svíki búpeninginn, þar sem hún ódrýgir fóðrið og rýrir það af gæðum.

Líffræði grasa: Magnús gefur líffræðilega skýringu á því, hvers vegna grös, fremur en annar gróður, hagnast á því að vera bitin.

„Það gefur því fleiri blöð og anga útúr sér, sem það er meira skorið” (30) ... séu miðstráin einasta burtskorin, verða síðustráin ennú fljóttari að draga frjógunina til sín, því þeirra blöð eru óskert eða minna skert” (36). Hann segist heldur vilja að hross bítu túnið í gróandanum en kýr, því hrossin klippi grasið slétt með góðum tönnum, en kýr og kindur „draga kólfinn og slíta, svo þar sprettur ei eins sama ár” (30).

Magnús vill samlíkja sprettu grasa við skegg og ull. Hann getur þess, að skegg manna vaxi betur sé það rakað, einnig vaxi ull betur á fé sem er klippt, þannig sé einnig varið grassprettu, að beit og sláttur örvi vöxtinn.

Beitarskipti: Magnús skrifar: „Ég gæti auðveldlega leiðst til að trúá því, að ef bæði beitar og slægjuland væru afgirt í smáa reiti og peningnum þar í beitt til skiptis, að gripurinn þyrfti ei meira í það hæsta en tvöfalt svo stórt pláss til beitar á sumri, sem þarf til að heyja fyrir honum” (41). Stingur Magnús upp á því, að kýr hafi þrjá afgirta reiti og sé þeim beitt sinn daginn í hvern reit. Mundu þær þá hafa nóg af góðri beit allt sumarið.

Sláttutími: Undirfyrirsögn bæklingsins um hrossakjöt er: *Hvenær á að fara að slá?* Hrappsey 1776. Er þessu efni gerð skil á bls. 23-36. Ekki telur Magnús sig vita svar við þessari spurningu. Leitar hann því til erlendra rita, til þess að afla upplýsinga. Vitnar hann þar í ein tíu rit, sem hann virðist hafa undir höndum. Hann bendir síðan á það, að taka megi mark á því, að hagstætt sé að slá, þegar ákveðnar jurtir eru í blóma. Til dæmis telji sumir þann tíma vera bestan, þegar biðukollan fer að falla. Aðrir telji rétt að slá, þegar grös eru að blómstra. Hvetur hann bændur

því til að læra að þekkja grös og blómgun þeirra. Blómjurtir má þekkja af krónublöðum, sem hann kallar *brúðartjöld*. Hann nefnir að grös í grónum skriðum gefi ágætt hey og vill láta fjölga þeim í túnnum. Hann álitur réttilega, að sum grös spretti fyrr en önnur, og þurfi því fyrr að slá þau. Telur hann að venja megi grös á að spretta snemma. Það megi gera með aukinni ræktun: „sá völlur sem til forna var seinn til að spretta er nú fyrri fullspröttinn síðan ég hefi ræktað hann, og þarf nú ei eftir hönum að bíða þar til nóttina dimmir” (31). Magnús gerir sér grein fyrir, að tún í góðri rækt gefi árvissari heyfeng en lakara tún. Síðan dregur hann þá ályktun, að snemmslegið hey sé betra fóður en það sem er seinna slegið.

Áburður: Magnús telur búfjáráburð misgóðan eftir því af hvaða dýri hann kemur, og eftir því á hvaða fóðri sá búpeningur hefur verið alinn. Hann tekur eftir því, að kýr sem ganga í góðum högum gefi besta áburðinn. Vill hann því láta kýr liggja inni um nætur á sumrin, til þess að nýta megi þann áburð, sem þá fellur til. Telur hann jafnvel borga sig fremur að bera vel á góðan hluta túnsins en að jafna áburði yfir það allt til minna gagns. Hafa megi áraskipti að þeirri aðgerð.

Hann velur einnig margar gerðir jarðvegs til ræktunar og hugar mjög að því hvernig halli yfirborðs liggur við sól. Magnús álitur að hagstætt hlutfall þurfi að ríkja milli jarðvegsfitu og sólarhita.

Færikvíar: Magnús sýslumaður var með þeim fyrstu, sem innleiða færikvíar í íslenskan búskap. Lét hann ærnar vera þar yfir nóttina. Með þeim fékk hann jafnari dreifingu á áburði, sem annars safnaðist saman í kvíabólinu og tróðst niður engum að gagni.

Áveita: Framræsluskurði lét Magnús gera fram á dal, til þess að geta veitt vatni á engi og aukið grasvöxtinn. Einnig veitti hann vatni í matjurtagarð og blómareit eftir smárennum heima við bæ í Búðardal.

Garðahleðsla: Magnús sýslumaður gekk ríkt eftir því, að fyrirmælum um túngarðahleðslu væri fylgt í Dalasýslu. En hverjum bónda var skylt að hlaða 6 faðma grjótgarð samkvæmt konungstilskipun 1776. Umhverfis túnið í Búðardal lét Magnús hlaða grjótgarð. Einnig lét hann hlaða traðir á tvo vegu út úr túninu frá bænum.

b. Aukinn og bættur gróður

Uppgræðsla: Magnús hvatti bændur til að slétta tún sín, en hver bóndi átti árlega að slétta 6 ferfaðma túns samkvæmt konungstilskipun 1776. Sjálfur lét hann slétta túnið í Búðardal. Notaði hann þá skóflur við þúfnasléttun, sem voru þá nýtískuleg áhöld, en hann fékk sér einnig

danskan plóg, sem hann breytti nokkuð til að hann hentaði betur íslenskum aðstæðum. Við þessa jarðyrkju hafði hann einnig gagn af hjólbörum og vagni, sem voru þá fáséð tæki.

Grænmetisræktun: Magnús hóf garðrækt sína á Melum upp úr 1758. Gat hann þar að nokkru borið starf sitt saman við garðrækt séra Jóns Bjarnasonar á Ballará (1721-1785), en prestur var einmitt mjög áhugasamur um garðrækt og var þá að hefja ræktun grænmetis. Magnús segist samt aldrei hafa séð ræktun grænmetis þegar hann byrjar á ræktunarstörfum sínum og telur sig aðeins hafa fengið þann lærdóm af bókum. Magnús lét síðan gera matjurtagarð mikinn í Búðardal, eftir að hann hafði flutt búferlum. Var garðlandið þríhyrnt að lögun, 80 faðmar í ummál. Í þessum garði ræktaði hann margskonar grænmeti.

Fræi garðávaxta var þá úthlutað ókeypiss til landsmanna, en einnig voru Skúli fógeti eða Eggert Ólafsson hjálplegir með að útvega fræ. Fræ af kúmeni fékk Magnús sent frá Hlíðarenda 1771 og köngla af trjáfræi frá L. A. Thodal stiftamtmani. Bera má tilraunir Magnúsar með ræktun ýmissa plöntutegunda saman við þær, sem gerðar voru á Bessastöðum og í Sauðlauksdal (Tafla 1). Sést við þann samanburð, að Magnús hefur verið ötull við að reyna hinar margvíslegustu tegundir. Greinir hann frá niðurstöðum þessarar ræktunar í ritinu *Nokkrar tilraunir gjörðar með nokkrar sáðtegundir og plöntur hentugar til fæðu*, sem kom út í Hrappsey, 1779. Í þessu garðyrkjuriti var Magnús að lýsa sinni eigin ræktunarreynslu. Áður hafði Ólafur Ólafsson að vísu skrifað matjurtabók, en byggði þar mest á erlendum árangri ræktunar.

Magnús kom sér upp vermireit, til þess að geta sáð í snemma vors og þannig flýtt fyrir vexti sumra grænmetistegunda. Vermireit þennan gerði hann uppi á fjósþekjunni, þannig að plönturnar fengu ylinn frá kúnum.

Margar krydd- og krásjurtir segist Magnús aðeins hafa handa sjálfum sér til eftirlætis, en kál og rófur voru hins vegar til mikilla búdrýginda fyrir heimli hans. Magnús virðist ekki hefja ræktun á kartöflum fyrr en 1773. Þá höfðu aðrir verið að rækta þær um meira en tíu ára skeið. Fékk Magnús aldrei sérlega góða uppskeru af þeim jarðargróða, en þó voru kartöflur ágætur viðauki í hans matjurtaframleiðslu.

Magnús reyndi einnig að rækta ýmsar korntegundir. Það er hveiti, sumar- og vetrar-rúg, hafra og bygg. Tókst honum sæmilega vel með byggið og hafrana, en hinar tegundirnar brugðust. Bygggræktina stundaði hann síðan með allgóðum árangri. Einnig reyndi hann að rækta lín og hamp og jafnvel tóbak. Varð línið álvarhát, „sem utanlands þykir sæmilegur vöxtur” (78), segir hann.

Tilraunir Magnúsar með ræktun trjátegunda báru lítinn árangur. Hann varð sér úti um fræ og græðlinga af trjám 1773 og setti niður bæði

greni og furu, en þó að hann hlúði að ungum trjásprotum, bar sú tilraun ekki árangur, og misheppnaðist öll hans trjáræktarviðleitni. Samt er hann bjartsýnn á að trjárækt gæti heppnast hér á landi á réttum landsvæðum. Víði plantar hann við jaðar garðsins og kemur sér þar með upp ágætu skjóli.

7. Uppfræðsla landsmanna

Með skrifum sínum og góðu fordæmi í ræktun jarðávaxta tókst Magnúsi að auka áhuga landsmanna fyrir garðrækt. Gætti þess einkum í nágrenni hans og víðsvegar um Dalasýslu. „Í búnaðarfræði mun hann hafa verið með mestu mönnum hér á landi í sinni tíð” skrifar Bogi Benediktsson um Magnús í *Sýslumannaæfum* (1889-1904 (II):731). Hann fékk verðskuldaða viðurkenningu fyrir frumkvæði sitt í ræktunarmálum. Landhússtjórnarfélagið „heiðraði hann með silfurpeningi og síðar með sínum stóra heiðurspeningi af gulli.” Má álíta Magnús brautryðjanda á ýmsum sviðum jarðræktar og upphafsman að mörgum nýjungum í ræktunartækni.

8. Landsbóta-áhugi Magnúsar í nútímaljósi

Fróðlegt er að skoða viðhorf og tilraunaviðfangsefni Magnúsar sýslumanns miðað við þau rannsóknarverkefni í jarðrækt, sem hafa verið til meðferðar á okkar tímum.

Margt það, er hann hugleiddi, var vart tekið til nánari athugunar fyrir en á seinni hluta tuttugustu aldar. Tilraunir hans með grænmeti halda að vísu jafnt og þétt áfram á síðari öldum og það sama má segja um túnasléttun. Hins vegar er ábending hans til bænda um að kynna sér gróður túna, ákvarða sláttutíma þeirra og áburðarþörf, nokkur nýlunda. Eru þessi viðfangsefni ekki tekin til sérstakrar rannsóknar fyrir en tilraunastofnanir í jarðrækt eru settar á laggirnar um miðja tuttugustu öld.

Viðfangsefni þessi verða þá að hefðbundnum rannsóknaverkefnum. Þá fyrst er gerð úttekt á gróðurfari íslenskra túna og farið að kanna efnamagn og fóðurgildi grastegunda á ýmsum þroskastigum, til þess að geta leiðbeint um sláttutíma. Þá eru einnig gerðar kannanir á gildi beitarskipta í afmörkuðum hólfum túnsins. Sömuleiðis var þá hafin könnun á áhrifum hrossabeitar, og má segja að þá sé staðfest, að hrossabeit sé að vissu marki til ákveðinna bóta fyrir þríf fjölbreyttra tegunda í gróðurlendinu. Gerðar voru athuganir á áhrifum sinunnar, sem Magnús telur vera til mikils ógagns, og er sýnt fram á nokkurt réttmæti þeirrar skoðunar frá búfræðilegu sjónarmiði. Má því með sanni segja, að Magnús hafi á margan hátt verið brautryðjandi á sviði athugana á bættri nýtingu jarðargróðurs og hafi stuðlað að aukinni

fjölbreytni nytjaplantna landsins. Eru viðhorf hans í anda þeirrar stefnu að bóndinn eigi að bæta land sitt, en ekki reyna að pína út úr búinu hámarksafköst með því að ganga á gróðurforða jarðarinnar. Er rétt að telja Magnús frumkvöðul þess að hvetja bændur þeirra tíma til að vinna að sjálfbærum búskap á Íslandi.

Grænmetisræktun á átjándu öld

Tegund	Búðardalur 1762-1779	Bessastaðir 1749 -1758	Sauðlauksdalur 1761-1763	Lachanologia 1768
baunir		#		#
blaðlaukur				#
blómkál			# lítið	
dilla				#
ertur		#	#	#
grænkál hrokkið	#	#	#	# krull
gulrófur	#	#	#	#
gulrætur	#	#	#	
gúrkur				#
hnúðkál ofanjarð		#	#	
hreðka	#		#	
hvítkál	#	#	#	# ekki höfuð
hvönn	#			
Jakobsepli hvít			#	#
jarðepli rauð	#	#	#	#
karsi	#			
kervill	#		#	#
kúmen	#		#	#
laukur hvítur	#		#	#
laukur rauður				#
mirjam		#		#
mynta			#	#
næpur	#		#	#
pastinakka	#	#	#	#
piparrót	#		#	#
rauðkál		#	#	#
rauðrófa	#			
salat	#		#	#
salvia	#		# til tes	#
savoj kál	#			
sellery		#		
sillara, selja				#
sinnep			# 10 fet	
sniðkál			#	#

spínat	#		#	#
steinselja	#	#	#	#
villi ertur				#
melur				#
Alls	20	13	24	28

Heimildir

- Bogi Benediktsson. 1881-1932. *Sýslumannaæfir*. Reykjavík.
Búa-Lög. 1775. Hrappsey.
Búalög. 1966. Reykjavík.
- Eggert Ólafsson. 1774. *Stutt agrip ur LACHANOLOGIA eda Mat-urta-Bok ...* Kaupmannahöfn.
- Grágás: *Konungsbók*. 1974. Odense.
- Íslandske Maanedstidender*. 1773-1775. Hrappsey.
- Magnús Ketilsson. 1776. *Hestabit er hagaboot og Hrossa-Slaatrid gagnsamlegt*. Hrappsey.
- Magnús Ketilsson. 1776. *Heidner eta Hrossakiöt. Hvenær aa ad fara ad slaa?* Hrappsey.
- Magnús Ketilsson. 1779. *Nockrar Tilravner giørdar med nockrar Saadtegunder og Pløntur hentugar til fædu ...* Hrappsey.
- Magnús Ketilsson. 1776. *Stutt aagrip umm Itaulu Bufiaar i Haga ...* Hrappsey.
- Ólafur Ólafsson (Olavius). 1770. *Íslensk Urtagards Bok ...* Kaupmannahöfn.
- Þorsteinn Þorsteinsson. 1935. *Magnús Ketilsson sýslumaður*. Reykjavík.